

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 130 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 27. febrúar 2024 kl. 16:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð, Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Guðlaugur Friðþórsson sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. **Drög að uppgjöri 2023 og rekstrartölur jan.2024.**

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársuppgjöri 2023. Hann fór einnig yfir rekstrartölur janúarmánaðar. Mikill aukakostnaður var vegna siglinga í Þorlákshöfn í jan. Framkvæmdastjóra er þökkun yfirferðin.

2. **Önnur mál.**

Áætlað er að uppfærsla verði gerð á "Mínum síðum" á vef Herjólfss í mars, fundarmenn fagna því. Rætt var um bruna í björgunarbáti. Hann er ennþá í rannsókn hjá þartilgerðum aðilum og er Herjólfur með lánsbát á meðan.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 3. apríl 2024.

Fundi slitið kl. 16:35

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.